Grundaskóli
Akranesi





# PÚLSINN



SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA
1. tbl. - 23. árg. - September 2018

# Ágætu lesendur!

Púlsinn, skólablað Grundaskóla 2018 er komið út í rafrænni útgáfu. Blaðið er unnið af nemendum og kennurum og ætlað sem kynningarblað á skólastarfinu í Grundaskóla og gefur innsýn í hið fjölbreytta skólastarf sem unnið er hér.

Samkvæmt grunnskólalögum og námskrám er skólanum ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og reiknað er með að nemendur fái nokkru ráðið um viðfangsefni á hverjum tíma. Meginforsendur árangursríks skólastarfs er góð líðan og jákvæð samskipti og metnaðarfullt starf nemenda, foreldra og starfsmanna og kröfur um góðan árangur. Ánægjulegt er því að sjá í könnunum að nemendur og foreldrar eru almennt mjög ánægðir með skólann, kennarana og starfsfólkið. Allir aðilar virðast skilja vel tilganginn með skólastarfinu og mikilvægi þess að leggja sig fram og að ná árangri.

Í Púlsinum má lesa um og kynna sér hluta af því fjölbreytta starfi sem unnið er hér. Við erum



óhrædd að prófa nýja hluti og sækja fram. Við leggjum áherslu á mannkostamenntun og skapandi vinnu samhliða notkun á nýrri tækni. Skólinn stækkar og stækkar og í vor voru 624 nemendur í Grundaskóla og ríflega eitt hundrað starfsmenn í misstórum stöðugildum.

Skólinn býr við góða aðstöðu og hefur á að skipa frábæru starfsfólki. Allt okkar starf hefur hagsmuni nemenda ávallt að leiðarljósi og við erum stolt af öflugu skólastarfi í Grundaskóla.

*Með kveðju,*
*Sigurður Arnar Sigurðsson,*
*skólastjóri*


PÚLSINN

Skólablað
Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Sigurður Arnar Sigurðsson

Grundaskóli
Akranesi

**Heimasíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@akranes.is

PÚLSINN




## Rampurinn

Mikil ánægja hefur verið með bætta aðstöðu inni í sal. Lúlli okkar smíðaði veglegan ramp svo allir nemendur geti blómstrað á sviðinu.





# *Kraftmiklir og duglegir einstaklingar*

## 1. bekkur

Það voru glaðir og kátir krakkar sem trítluðu inn í 1. bekk í haust og líklega flest með fiðrildi í maganum. Skólaaðlögun gekk afar vel enda unnið vel með hana í gegnum Byrjendalæsi, Uppeldi til ábyrgðar og Hugarfrelsi sem við höfum verið að innleiða í starf okkar í vetur. Við höfum komist að því að slökun og hugarró eru jafnmikilvægur þáttur í skólastarfinu og hefðbundið nám.





Það er dýrmætt að vera í skóla þar sem vinátta og samstarf myndast á milli ólíkra aldurshópa innan skólans en það er reynsla okkar eftir gott og gefandi samstarf við 6. bekk sem vann með okkur verkefni um vináttu. Krakkarnir komust líka að því að unglingarnir okkar eru hin bestu skinn og traustsins verðir eftir að hafa gengið með þeim leiðina milli heimilis og skóla og teiknað hana í sameiningu að ferð lokinni.

Börnin hafa tekist á við mörg skemmtileg og krefjandi verkefni í vetur þar sem þau hafa sýnt hvað í þeim býr. Þetta eru kraftmiklir og duglegir einstaklingar sem eru tilbúnir að klífa áfram upp námsfjallið af elju og dugnaði!









# Læra um líkamann í vetur

Því hefur verið haldið fram að þróun gagnaukins veruleika sé ein mesta bylting í tækniþróun síðan Veraldarvefurinn varð til fyrir u.þ.b. tveimur áratugum.

Talið er að breytingaráhrif gagnaukins veruleika felist fyrst og fremst í því að þessi tækninýjung breyti sambandi einstaklinga við veruleikann sem þeir lifa í.

Við í 2. bekk höfum verið að læra um líkamann í vetur og með hjálp gagnaukins veruleika höfum

## 2. bekkur

við getað skoðað inn í líkama okkar og lært þannig meira um hvernig hann starfar. Nemendur fara í sérstaka boli og nota i-pad sem nemur kóðann á bolunum til þess að sjá inn í líkama mannsins og hvernig hann starfar. Okkur þótti þessi vinna mjög spennandi og skemmtileg. Í þemanu okkar um líkamann unnum við



með unglingunum í 8.bekk. Við unnum saman verkefni um hjarta og æðar, tauga- og æðakerfið, öndunarkerfið og beinagrindina. Það var bæði fróðlegt og ánægjulegt að vinna með unglingunum og allt er þetta vinna sem skilar sér í stóru bókina okkar í 2.bekk.







PÚLSINN



# Akranes - bærinn okkar

Í vetur hafa nemendur í 3. bekk verið í skemmtilegri vinnu í tengslum við Akranes, bæinn okkar. Þeir hafa leyst fjölbreytt verkefni, skrifað og teiknað og búið til eigulega vinnubók um staðinn. Hefur m.a. verið fjallað um landnámið og tengsl Akraness við Írland, fræðst um merk hús, staði, dýralíf og útivistarsvæði.

Fallegar teikningar prýða vinnubækur barnanna. Til að reka smiðshöggið á vinnu vetrarins ákváðu kennararnir að taka upp kynningarmyndband um Akranes. Myndatökur fóru fram víða um bæinn, innan húss og utan, í litlum hópum eða allur hópurinn saman.

Myndirnar sem skreyta þessa síðu voru teknar þriðjudaginn 24.

## 3. bekkur

apríl 2018, þegar nemendur fóru í tveggja klukkustunda göngu- og upptökuferð ásamt kennurunum Eygló, Karen og Áslaugu og stuðningsfulltrúunum Gurru og Bergnýju. Auðvitað var strætó nýttur á leiðinni heim sem flestum fannst mjög gaman. Myndbandið verður frumsýnt í maí 2018.
















PÚLSINN

# Úti í Eyju

Skólaárið 2017-2018 var í fyrsta skipti prófað að hafa 4. bekk úti í Eyju (lausu kennslustofunum á skólalóðinni). Það voru mikil viðbrigði fyrir okkur sem höfðum alltaf verið inni í skólahúsnæðinu þar sem allt var við hendina. Gera þurfti lítilsháttar breytingar í húsinu til að aðlaga það að okkar þörfum t.d. að lækka snaga svo við gætum hengt upp útifötin okkar og koma upp fleiri skógrindum.



## 4. bekkur

Við urðum strax afar ánægð með Eyjuna okkar, þar er notalegt að vera enda höfðum við hana nánast út af fyrir okkur.

Fljótlega kom þó í ljós að við þurftum að bæta hljóðvistina í stofunum svo keyptir voru tennisboltar til að setja undir stólana og losnuðum þannig við óþarfa hávaða.

Ýmislegt var brallað í vetur og mörg skemmtileg verkefni unnin. Eitt var verkefnið um himingeiminn. Við urðum mjög áhugasöm um allt sem tengdist honum og það fékk okkur til að hugsa meira um hversu lítil við erum í alheiminum.

Við gerðum frábærar geimflaugar með foreldrum okkar sem voru þær langflottustu sem sést hafa.

Við höfum lært að slaka á í amstri dagsins með Hugarfrelsi. Við lærðum að tefla og æfðum okkur í að flokka sorp. Nú undir vorið höfum við lært um náttúru Íslands og lýðveldissöguna. Í maí stefnum við á að fara í námsferð til Reykjavíkur þar sem m.a. Alþingishúsið verður skoðað.

Við höfum verið dugleg að læra í hinum hefðbundnu námsgreinum en samhliða því höfum við ekki gleymt að syngja, dansa, spila og njóta lífsins.

Það er búið að vera virkilega gaman að vera í 4. bekk í vetur.

*Kveðja krakkarnir og kennararnir í 4. bekk*















# PALS - Pör að lesa saman

Snemma árs 2018 var kennurum yngsta stigs og miðstigs boðið að sækja námskeið í Brekkubæjarskóla sem nefnist PALS. PALS er skammstöfun sem stendur fyrir Pör að lesa saman.

Við í 5. bekk ákváðum strax að henda okkur í djúpu laugina og hefja innleiðingu á þessari aðferð. Núna höfum við notað hana síðan í febrúar og gengur orðið mjög vel. Krakkarnir eru tvö og tvö saman og lesa saman sem par.

Fyrsta skrefið er paralestur, annað skrefið endursögn, það

## 5. bekkur

þriðja útdráttur og fjórða og síðasta skrefið er forspá. Í hverju stigi eru gefin stig og þjálfarinn sér um að leiðrétta og hjálpa lesaranum. Nemendur skiptast á að vera lesari og þjálfari og taka hlutverk sitt mjög alvarlega. Markmiðið er að auka lestrarfærni og lesskilning.

Nemendurnir í 5. bekk hafa verið mjög áhugasamir og jákvæðir gagnvart PALS og hafa staðið sig mjög vel.















PÚLSINN

# Hugarfrelsi - *aðferðir til að efla börn og unglinga*

Í haust fékk Grundaskóli styrk úr Lýðheilsusjóði til að tileinka sér aðferðir Hugarfrelsis. Höfundar efnisins, þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir, kenndu þar kennurum og stuðningsfulltrúum á yngsta- og miðstigi að nota einfaldar aðferðir til að efla sjálfs-mynd og vellíðan nemenda.



## 6. bekkur

Með Hugarfrelsi er átt við það frelsi sem hverjum manni er unnt að öðlast þegar hugurinn hefur ekki lengur neikvæð áhrif á daglegt líf. Frelsi frá áhyggjum, kvíða og ótta. Hugarfrelsi til þess að blómstra, frelsi til að nýta hæfileika sína sem best og frelsi til að velja hugsanir sínar sér og öðrum til gagns.

Við í 6. bekk höfum mikið unnið með öndun, slökun og hugleiðslu. Einnig höfum við lagt áherslu á styrkleika og sjálfsmynd barnanna. Krakkarnir hafa verið mjög áhugasamir og móttækilegir fyrir þessari vinnu og munum við halda áfram á þessari braut.

Gleði, hamingju og jákvæðni getur þú valið á hverjum degi, það er þitt að ákveða.

### *Sjó- og safnaferð*

Miðvikudaginn 25. apríl fórum við í 6. bekk í sjóferð um sundin



í boði Faxaflóahafna. Við fórum í bátsferð og fengum fræðslu um umhverfi Reykjavíkurhafnar og lífríki sjávar úti á sundunum.

Að því búnu heimsóttum við Eldfjallahúsið og fræddumst um gosið í Eyjafjallajökli. Einnig fórum við í Hvalasafnið þar sem við fengum skemmtilega fræðslu um hvali. Að þessu loknu skemmtum við okkur í sundi í Lágafellslaug. Þetta var skemmtileg og fræðandi ferð.













# Upplestrarkeppnin í 7. bekk

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Stóru upplestararkeppninni er fyrst og fremst ætlað að bæta almennan lesskilning. Undirbúningurinn fyrir vandaðan upplestur krefst þess að nemendur æfi sig heima og lesi oft sama textann. Upplestrarkeppninni er ætlað að efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum. Í verkefninu er mikil áhersla lögð á að sýna bæði nemandanum og móðurmálinu virðingu. Keppnin er hvetjandi fyrir nemendur með lestrarörðuleika. Þar fá þeir tækifæri til að geta lesið upp æfðan texta og blómstrað sem upplesarar og þannig staðið jafnfætis öðrum þegar kemur að lestri.

Það var í nóvember sem upplestrarkeppnin hófst hjá okkur í 7. bekk. Allir áttu að taka þátt og var mikil áhersla lögð á að allir gætu staðið sig vel, ef áhugi og dugnaður væri fyrir hendi. Farið var vel yfir þá þætti sem skiptu máli til að upplesturinn væri sem bestur. Þættir eins og líkams-

## 7. bekkur

staða, raddstyrkur, framburður, blæbrigði, túlkun og samskipti við áheyrendur skiptu þar miklu máli. Allir fengu leiðbeiningar um þá þætti sem þeir þyrftu að leggja mesta áherslu á. Nemendur þurftu síðan að velja sér vandaðan texta og ljóð til upplestrar. Mikil áhersla var lögð á að nemendur æfðu sig heima og læsu upphátt fyrir foreldra sína. Þau fengu síðan nokkur tækifæri til að stíga upp í ræðustól í skólanum þar sem kennarinn leiðbeindi og fínpússaði upplesturinn. Bekkjarkeppnin fór síðan fram í byrjun mars þar sem sex fulltrúar úr hverjum bekk fengu tækifæri til að fara á sal í undanúrslit. Það var virkilega gaman að sjá þær framfarir sem áttu sér stað í bekkjunum, allir stóðu sig með miklum sóma og var greinilegt að margir höfðu lagt mikið á sig við æfingarnar.

Í undanúrslit komust síðan sex nemendur áfram í lokakeppnina sem haldin var í Tónbergi 15.mars. Lokakeppnin fer þannig fram að þar eru líka fulltrúar Brekkubæjarskóla, síðan er valinn



upplesari hvors skóla fyrir sig. Þar fengu nemendurnir úthlutað texta úr bókinni „Vertu ósýnilegur" eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttir og einu ljóði en síðan máttu þau velja sér annað ljóð að eigin vali til upplestrar. Keppnin var öll sú glæsilegasta og óhætt að segja að við getum verið stolt af okkar fulltrúum sem stóðu sig allir frábærlega.

Einn stóð þó upp sem sigurvegari og var valin upplesari Grundaskóla en það var hann Jóel Þór Jóhannesson og óskum við honum innilega til hamingju.



PÚLSINN

# Fjölbreytt verkefnavinna í 8. bekk

## 8. bekkur

Í vetur hafa nemendur í 8. bekk unnið mörg fjölbreytt verkefni tengd hinum og þessum viðfangsefnum þar sem áhersla var lögð á samþættingu námsgreina. Verkefnin voru unnin jafnt og þétt yfir skólaárið og reyndust þau oft skemmtilegt uppbrot í skólastarfinu. Dæmi um þessi verkefni eru lokaverkefni í Hrafnkels sögu og umferðarverkefnið Bærinn minn.

Í lokaverkefni í Hrafnkels sögu Freysgoða var megin áhersla lögð á samvinnu og skapandi vinnubrögð. Nemendur áttu að túlka söguþráðinn eða ákveðna þætti úr sögunni á skapandi hátt. Verkefni nemenda voru mjög fjölbreytt s.s. fréttablað, þrívíddarlíkön, stuttmyndir, útsaumur og málverk.

Í umferðarverkefninu Bærinn minn var lögð áhersla á helstu umferðarmerki, reikna í hlutföllum og kynnast grunnþáttum forritunar. Tilgangurinn með verkefninu var að nemendur fengju meiri tilfinningu fyrir hlutfallareikningi með því að gera t.d. húsbyggingar í þrívídd, umferðarmerki í réttum hlutföllum við húsin. Einnig var notast við Sphero forritunarkúlur sem gegndu hlutverki bíla.

*Kær kveðja, 8. bekkur.*




















# 9. bekkur fékk viðurkenninguna Varðliðar umhverfisins 2018

## 9. bekkur

Verkefni 9. bekkjar nemenda í Grundaskóla á Akranesi var með yfirskriftina „Hafðu áhrif“ og hafði það markmið að hafa áhrif á samfélagið og vekja aðra til umhugsunar um umhverfismál.

Nemendurnir endurnýttu gamalt efni og saumuðu innkaupapoka og grænmetispoka sem seldir voru á árlegum Malavímarkaði skólans, unnu kynningarmyndband um mikilvægi þess að minnka plastnotkun, gróðursettu plöntur og týndu rusl í skógræktinni og sendu bæjarstjóranum á Akranesi áskorun um að koma þar upp flokkunaraðstöðu. Þeir voru einnig með fræðslu fyrir nemendur og kennara í skólanum um bætta sorpflokkun og umhverfismál almennt.

Að auki hönnuðu nemendur fernur fyrir vatn í stað hefðbundinna plastflaskna og skrifuðu greinar um umhverfismál sem birtar voru á Facebook-síðu árganganna. Var það mat valnefndar að nemendur í 9. bekk í Grundaskóla hafi með verkefnum sínum fjallað um umhverfismál í víðum skilningi og leitast við að hafa jákvæð áhrif á samfélag sitt með því að hvetja til umhverfisvænni lifnaðarhátta á fjölbreyttan hátt.



Ekki er annað að sjá en að þeim hafi tekist ljómandi vel í þeirri viðleitni sinni að „Hafa áhrif“, eins og lagt var upp með í byrjun.“







# *Kveðja frá 10.bekk*

Nú erum við árgangur 2002 í tíunda bekk að klára grunnskólagönguna okkar í Grundaskóla og flestir skipta yfir í Fjölbraut eða fara út á vinnumarkaðinn. Síðustu 10 ár höfum við kvatt og tekið á móti nemendum og kennurum. Við byrjuðum í skólanum haustið 2008 þar sem þrír hressir kennarar, þær Oddný Erla Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir, Elín Björk Davíðsdóttir og Rósa Björk Bjarnadóttir (stuðningsfulltrúi) tóku á móti okkur og fylgdu okkur í gegnum fyrsta ár grunnskólagöngunnar. Fyrstu árin voru róleg en það sem stendur upp úr er ferðin á Bjarteyjarsand þar sem við vorum nýbúin að læra um húsdýrin.

Í öðrum bekk gerðum við Stóru bókina sem var full af skemmtilegum verkefnum um mannslíkamann og úrklippum eftir okkur. Ingibjörg Eggertsdóttir tók við af Oddnýju í öðrum bekk og var með bekkinn alveg upp í sjöunda bekk. Sigurveig Kristjánsdóttir tók við af Ellu í þriðja bekk og Áslaug Ragna Ákadóttir tók svo við af Sibbu í fjórða bekk.



Í fjórða bekk fórum við í fyrstu samræmdu prófin okkar og á Bessastaði því að við vorum búin að vera að læra um stjórnmál og forsetann. Við fengum hins vegar ekki að hitta forsetann og það voru mikil vonbrigði.

Fimmti bekkur og miðstig tók síðan við, en þá fengum við enn einn nýja kennarann hana Lovísu Jóhannesdóttur.

Í fimmta bekk lærðum við um landnám Íslands og lífshætti víkinga á landnámsöld. Við unnum bók tenda efninu sem var stútfull af skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum. Við unnum einnig söfnunarverkefni fyrir ABC-hjálparstarf þar sem við söfnuðum rúmlega fjögur hundruð þúsund krónum sem rann til skólagöngu fátækra götubarna víða um heim.



Í sjötta bekk byrjuðum við á gelgjuskeiðinu og okkar fannst mjög spennandi og fyndið að fara í kynfræðslu, en Elís Þór Sigursson tók við af Lovísu og var með okkur í tvö ár. Í sjöunda bekk gerðum við mikið af fjölbreyttum verkefnum eins og Óskaveröldina, tókum Dani að okkur, samræmdu prófin og fórum í Reykjaskóla.

Þegar við fórum upp í unglingadeildina tóku Hjörsdís Dögg Grímarsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir, Elísabet Valdimarsdóttir og Margrét Ákadóttir við okkur, en Magga hætti eftir áttunda bekk. Það var mikill spenningur vegna nýrra og spennandi verkefna, þar fórum við á busaballið og mörg fleiri skemmtileg böll. Það var líka mjög skemmtilegt félagsstarf eins og Arnardalur, en þar fengum við að taka þátt í tveimur gistinóttum, Húllum hæ var á

PÚLSINN





sínum stað (SG vann) og vorum við einnig með í þrettánda brennunni.

Nokkrir nemendur tóku þátt í leikritunum Shrek, Dýrunum í Hálsaskógi og Kardemommubænum.



Í níunda bekk hélt félagsstarfið áfram en í þetta skipti vann EVA Húllum hæ. Við gerðum mikið af skemmtilegum bókaverkefnum og þemavinnu. Við tókum seinustu samræmdu prófin okkar í níunda bekk með tíunda bekk.

Þegar við komum upp í tíunda bekk fengum við Svía í heimsókn í viku en í lok annar fóru þrettán nemendur til Svíþjóðar. Við fórum á Laugar í viku og skemmtum okkur konunglega. Lokaferðin okkar var rosa skemmtileg en við fórum í Þórsmörk og gistum þar tvær nætur, í lok ferðarinnar fórum við í River rafting og flest allir stukku niður af kletti í ána.

Við höfum átt margar góðar stundir hér í Grundaskóla og tökum góðar minningar með okkur upp í Fjölbraut. Auðvitað er margs að sakna, en lífið heldur áfram þar.

*Anna Þóra, Erla Karitas,*
*Heba Bjarg og Steinar Daði*



PÚLSINN

# Madre Mia

Hljómsveitin Madre Mia komst alla leið á úrslitakvöld Músíktilrauna í mars. Hljómsveitin samanstendur af 14 og 15 ára stelpum frá Akranesi en þær heita Katrín Lea Daðadóttir sem syngur og leikur á bassa og kassatrommur, Hekla María Arnardóttir syngur og leikur á gítar og Sigríður Sól Þórarinsdóttir syngur og leikur á hljómborð.



Stelpurnar hafa allar sterkan grunn í tónlist eftir að hafa verið lengi í Tónlistarskólanum á Akranesi og tvær þeirra hafa unnið Hátónsbarkakeppni grunnskólanna á Akranesi og komist inn á Söngvakeppni Samvest.

Katrín Lea er í 9. bekk í Grundaskóla og þær Lilja Björg Ólafsdóttir og Paula Gaciarska spurðu hana út í þetta ævintýri.

*Hvað heitir þú?*
Katrín Lea.

*Hvernig varð hljómsveitin til?*
Við vorum allar saman í samspili, ég, Hekla og Sigga Sól, í tónlistarskólanum með Edda Lár og þrem strákum. Við hættum svo í hljómsveitinni og byrjuðum að gera eitthvað sjálfar. Eitt kvöld vorum við Hekla að spila á tónleikum og þá hringdi Sigga allt í einu í okkur og sagði að við þyrftum að halda góðgerðar/-jólatónleika.

*Af hverju hélduð þið tónleikana?*
Við héldum tónleikana til styrktar mæðrastyrksnefnd.

*Gekk vel á tónleikunum?*
Já, það komu margir og við söfnuðum 400 þúsund krónum Við fengum líka marga til þess að koma fram á tónleikunum, meðal annars Þórunni Antoníu en hún var akkúrat veik þegar tónleikarnir voru.

*Hvað fleira hefur verið að gerast hjá ykkur?*
Við tókum þátt í Músíktilraunum. Það var mjög gaman og við komumst áfram í úrslitin. Þetta var mjög góð reynsla og við kynntumst fullt af fólki.

*Hvað er svo framundan hjá ykkur?*
Við ætlum að halda áfram að spila á fullt af stöðum og njóta.







# Barnamenningarhátíð á Akranesi 2017

Síðastliðið haust var haldin fyrsta Barnamenningarhátíð á Akranesi þar sem Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit var boðið að taka þátt. Í þetta sinn voru nemendur úr 5. og 6. bekk valdir að taka þátt og þema hátíðarinnar var Bókmenntir og listir. Bókasafn Akraness var skipuleggjandi hátíðarinnar og sýningarnar voru á ýmsum stöðum á Akranesi, í Guðríðarstofu í Safnaskálanum, í Tónlistarskólanum og á Bókasafni Akraness.



Í Grundaskóla voru 6. bekkingar að vinna ýmis verkefni í mismunandi efnivið, bæði með umsjónarkennara sínum og list- og verkgreinakennara.

Í myndmennt voru nemendur að þrykkja upphafsstafinn sinn með dúkskurðartækni og með umsjónarkennara sínum mynduðu þeir ýmis orð sem þeir röðuðu skemmtilega saman.

Í textílmennt voru nemendur að vinna í ýmsan efnivið og endurnýttu efni og pappír.

Í smiðju voru nemendur að skapa sitt eigið litla "útilistaverk" og með umsjónarkennara sínum skrifuðu þeir um útilistaverk á Akranesi.

Boðið var upp á smiðjur fyrir alla krakka á mismunandi stöðum á sýningarsvæðunum meðan á hátíðinni stóð sem voru leidd af nokkrum kennurum skólanna og voru margir sem nýttu sér þær.

Hátíðin heppnaðist mjög vel og var kærkomin tilbreyting í bæjarlífið á Akranesi og voru nemendur mjög áhugasamir í þessari skemmtilegu og fjölbreyttu vinnu í skólastarfinu.

Hugmyndin er að halda svona Barnamenningarhátíð á þriggja ára fresti á Vesturlandi í framtíðinni.









PÚLSINN

# Boðsundskeppni grunnskólanna

Þann 13. mars fór fram grunnskólakeppni í boðsundi og og tók Grundaskóli að sjálfsögðu þátt.

Mótið fór fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði og var þátttakan mjög góð. Grundaskóli var með eitt lið frá miðstigi og eitt af unglingastigi. Hvort lið samanstóð af 4 stelpum og 4 strákum.

Af miðstiginu voru það Logi og Amíra úr 7. bekk, Bjarni, Matheuz, Tómas, Helga, Gunnþórunn og Karen úr 6. bekk sem syntu og stóðu sig mjög vel. Þau komust í undanúrslit en duttu þar naumlega út.

Af unglingastiginu voru það Oliver, Anna Þóra, Ásgerður og Enrique úr 10. bekk, Helgi úr 9. bekk og Dagbjört, Aníta og Bergur úr 8. bekk. Þeim gekk einnig mjög vel og munaði litlu að þau kæmust í undanúrslit.

Þetta var bráðfjörugt og skemmtilegt mót og voru nemendur Grundaskóla sér og skólanum sínum til mikils sóma. Vel gert krakkar.

***Áfram Grundaskóli!***







# Húsgögn frá Orkuveitunni

Í vetur var gömlum húsgögnum skipt út fyrir nýrri. Um það bil 30 ára gamlir skápar hafa lokið þjónustu sinni og nýir og hentugir húsmunir hafa tekið við. Grundaskóli var bæði vinalegur og fallegur fyrir og nú höfum við gert enn betur eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

Við þökkum Orkuveitunni fyrir stuðning í verkinu.





PÚLSINN



# Félagsfærni

Í Grundaskóla er lögð áhersla á að efla félagsfærni nemenda. Það er gert á ýmsan máta.

Á þessu skólaári var byrjað að vinna með Vináttu, forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti í 1. og 2. bekk. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf snemma með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.

*Markmið Vináttu - verkefnisins er:*

- *að samfélagið í skólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu.*
- *að skapa umhverfi þar sem nemendur sýna hver öðrum umhyggju.*
- *að nemendur læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti.*
- *að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og styðja félaga sína og verja.*

Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Hann á að minna börnin á að passa upp á hvert annað og vera góður félagi allra. Hver bekkur fær afhentan einn vináttubangsa.

Í 3. bekk hefur verið unnið í mörg ár með námsefnið Vinir Zippýs en þar læra nemendur að bjarga sér og leysa vandamál í erfiðum aðstæðum í daglegu lífi.

Myndin var tekin af 3. KB þegar þau voru í vettvangsferð í kirkjugarðinum. Eitt af viðfangsefnum í Vinum Zippýs er að hjálpa börnum að takast á við sorg og missi.

Það hafa verið haldin Snillinganámskeið í nokkur ár í Grundaskóla en þar er áhersla lögð á að auka færni barna í félagslegum samskiptum, tilfinningastjórnun og sjálfsstjórn. Kennt er í litlum sérvöldum hópum. Nemendum í 4. og 5. bekk hefur verið boðið á þessi námskeið.



### Miðstig

Í 6.bekk er tíu tíma stelpunámskeið þar sem áhersla er lögð á sjálfsmynd, samskipti og félagsfærni. Tímarnir er byggðir upp á umræðum og verkefnum tengdum samskiptum og sjálfsstyrkingu í bland við ýmsa leiki. Allar stelpurnar í árgangnum fara í gegnum þetta námskeið hjá Ástrósu og Bertu og á meðan eru umsjónarkennararnir með strákana í sambærilegri vinnu.





Eftir áramót byrjaði námskeið fyrir stúlkur í 7. bekk sem kallast, Samskipti stúlkna – leið til lausna. María Helgadóttir þroskaþjálfi og Þórdís Þráinsdóttir iðjuþjálfi hafa umsjón með þessu námskeiði þar sem markmiðið er m.a.;

- *Að hjálpa stúlkum að bæta samskiptin sín á milli*
- *Að vinna með óæskilega hegðun og samskipti stúlkna*
- *Að efla félagslega færni stúlknanna í samskiptum innbyrðis með því að vinna með æskilega og óæskilega hegðun.*
- *Að gefa stúlkum tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfsvirðingar og félagslegrar samkenndar.*

Stúlkunum í árganginum er skipt í tvo hópa og á sama tíma eru drengirnir með sínum umsjónakennurum.

### Unglingastig

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir stúlkur hafa verið í 8. og 9. bekk í vetur. Hver bekkur hefur hist með náms- og starfsráðgjafa í sex skipti og unnið hefur verið með traust, tengsl og tilfinningar. Miklar og skemmtilegar umræður hafa myndast og samveran verið frábær. Markmiðið er að styrkja stelpur í að vera þær sjálfar, mynda enn betra traust meðal stelpnanna í bekkjunum og fá þær til að ræða og skilja eigin tilfinningar. Fyrirmynd námskeiðanna kemur úr Foreldrahúsi en báðir náms- og starfsráðgjafar Grundaskóla hafa haldið námskeið á vegum Foreldrahúss.

PÚLSINN

# Umferðamerkin



Tilgangur verkefnisins var að samþætta nokkrar námsgreinar. Nemendur lærðu að þekkja helstu umferðarmerkin, reikna í hlutföllum og átta sig á grunnþáttum forritunnar.



Húsbyggingar voru í þrívídd og umferðarmerkin í réttum hlutföllum við húsin. Einnig var notast við Sphero forritunarkúlur sem gegndu hlutverki bíla. Virkilega skemmtilegt verkefni sem vakti mikinn áhuga margra nemenda.









PÚLSINN



# Göngum í skólann

Við í Grundaskóla tókum þátt í verkefninu "Göngum í skólann", líkt og undanfarin ár. Mörg skemmtileg verkefni litu dagsins ljós á þessum tíma. Nemendur útbjuggu fræðslumyndbönd, könnuðu aðgengi fyrir hjólandi vegfarendur á Akranesi, fundu öruggustu leiðina í skólann og margt fleira. Mikil samvinna var milli yngri og eldri nemenda skólans.




Lokadaginn gengu allir nemendur og starfsmenn saman frá Grundaskóla stuttan hring í nágrenninu og enduðu í Akraneshöll. Þar var farið í leiki og dagurinn heppnaðist mjög vel.

Veittar voru viðurkenningar til þeirra bekkja sem virkastir voru að nýta sér virkan ferðamáta.

Frá ynsta stigi varð það 4. bekkur sem notaði oftast virkan ferðamáta, 6. bekkur á miðstigi og 9. bekkur frá unglingastigi.

Sá árgangur sem hlaut gullskóinn var 6. bekkur.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af okkar fólki.







PÚLSINN

# Skólahlaup Grundaskóla 2017



Skólahlaupið okkar fór fram miðvikudaginn 13.september í einmuna verðurblíðu, sól og logni.

Í ár var hlaupin ný leið, frá Höllinni og kringum æfingasvæði ÍA og var val um að hlaupa 1 - 8 hringi.

Allur skólinn hljóp, bæði nemendur og starfsfólk og hafði gaman af.

Gaman var að sjá hversu margir foreldrar og aðstandendur komu og fylgdust með og hvöttu alla áfram.

Eftir hlaup var öllum hlaupagörpum boðið upp á kalt vatn og ferska ávexti.

Myndirnar tala sínu máli.















# Brúum bilið



Í vetur var samstarf milli leik- og grunnskóla sem kallast Brúum bilið. Það felur í sér að verðandi 1. bekkjar nemendur hafa komið og kynnst skólastarfinu þrjá daga í senn að hausti og vori. Jafnframt hafa 1. bekkjar nemendur fengið tækifæri þessa daga til að heimsækja sína gömlu leikskóla. Markmiðið með samstarfinu er að tengja skólastigin saman svo að skólabyrjun nemenda verði sem farsælust.

Undir skólalok var síðan haldin lokahátíð vetrarins ,,Húllum hæ'' í Akraneshöll þar sem allur nemendahópurinn kom saman, fór í leiki og skemmti sér.











# Hugarfrelsi

Aðferðir Hugarfrelsis voru innleiddar á yngsta- og og miðstigi skólaárið 2017-2018 með aðstoð þeirra Hrafnhildar Sigurðardóttur og Unnar Örnu Jónsdóttur.

Meðfylgjandi frétt var birt inn á heimasíðu ***hugarfrelsi.is:***



Haustið 2017 fór Grundaskóli á Akranesi af stað með innleiðingu á aðferðum Hugarfrelsis í hefðbundið skólastarf. Það er aðdáunarvert hvernig stjórnendur og starfsfólk skólans hafa tekið verkefnið og á skömmum tíma náð að innleiða það í alla starfsemina með frábærum árangri. Lögð er áhersla á að nýta djúpa öndun, slökun og hugleiðslu með nemendum til að auka vellíðan, einbeitingu og hugarró. Einnig er lögð áhersla á að allir nemendur skólans komi auga á styrkleika sína, taki ábyrgð á eigin líðan með því að velja jákvæðni fremur en neikvæðni, taki ábyrgð á framkomu sinni og séu meðvitaðir um hvernig vinur þeir vilja vera.

Það er dásamlegt að heyra frá starfsfólki skólans hversu ánægt það er með aðferðir Hugarfrelsis og hvað þær samrýmast vel öðrum verkefnum og stefnum skólans.

Starfsfólkið finnur mikinn mun á nemendum eftir að innleiðingin fór af stað. Við höfum hitt starfsfólkið reglulega í vetur og þykir okkur mjög vænt um að heyra dæmi um jákvæðar breytingar m.a. hvað varðar hegðun, líðan og samkennd. Starfsfólk frístundar talar um að þeir nemendur sem hafa farið í gegnum slökun og hugleiðslu áður en þeir koma í Frístund séu rólegri og yfirvegaðri en aðrir nemendur. Fleiri og fleiri nemendur biðja um slökun og hugleiðslu þegar þeir finna að þeir eru æstir og ekki í jafnvægi. Eftirminnilegust er frásögn kennara í fyrsta bekk þegar hún spurði nemendur sína í hverju þeir væru góðir, sagðist einn nemandi ekki vera góður í neinu. Kennarinn var steinhissa á þessu svari enda eru allir góðir í einhverju og taldi hún að sex ára barn myndi ekki vera strax komið með neikvæða sjálfsmynd. Það er svo dýrmætt fyrir kennara og uppalendur að hafa verkfæri til að hjálpa börnum að efla sjálfsmynd sína sem allra fyrst, áður en fer að halla undan fæti náms- og félagslega.

Við erum svo óendanlega stoltar og þakklátar yfir því hve margir hafa séð hag í að innleiða aðferðir Hugarfrelsis samfélaginu til góðs

*Hrafnhildur Sigurðardóttir*
*og Unnur Arna Jónsdóttir*







# Íslensk málnefnd



Grundaskóli hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2017.

Enn ein rósin í hnappagat öflugs skólastarfs á Akranesi.

Á Málræktarþingi 2017 sem fram fór í Þjóðminjasafninu, miðvikudaginn 15. nóv., hlaut Grundaskóli á Akranesi sérstaka viðurkenningu fyrir árangursríkt starf tengt kennslu í ritun og eftirbreytniverða kennsluhætti tengt tungumálinu okkar.

„Grundaskóli hlýtur viðurkenningu Íslenskrar málnefndar fyrir markvissa ritunarkennslu og eftirbreytniverða kennsluhætti þar sem ritun nemenda er mikilvægur hluti náms þeirra í hinum ýmsu greinum.“



Íslensk málnefnd á hér frumkvæði að því að vekja opinbera athygli á því sem vel er gert við meðferð íslenskrar tungu. Þessi viðurkenning er mikill heiður fyrir starfsfólk skólans og enn ein rósin í hnappagat öflugs skólastarfs á Akranesi. Það var Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri Grundaskóla sem veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd skólans.

Við óskum nemendum, starfsfólki og Akurnesingum öllum til hamingju með frábært skólastarf í bæjarfélaginu.

# Kennaraþing Vesturlands



Kennaraþing Vesturlands var haldið í Grundaskóla í upphafi skólaárs. Um 230 kennarar og skólastjórnendur mættu á þingið og ræddu ýmis fagleg málefni. Meðal annars var fræðsla um umferðarfræðslu og mikilvægi hennar í grunnskólum.



# Uppeldi til ábyrgðar

## Ferð kennara og starfsfólks yngsta stigs til Winnipeg 7.-14. júní 2017

Það var glaður og spenntur hópur 36 kennara og starfsfólks í Grundaskóla sem mætti í rútu 7. júní við skólann. Framundan var vikuferð til Winnipeg í Kanada, en þar fórum við á námskeið í Restitution, eða Uppbyggingarstefnunni eins og hún er nefnd á íslensku. Rútan kom okkur að flugstöðinni í Keflavík og þaðan þurftum við tvær flugferðir til að komast á áfangastað. Þegar við lentum í Winnipeg tók kona að nafni Ruth Hargrave á móti okkur, en hún var sú sem hélt námskeiðið. Móttökurnar voru gríðarlega góðar og það gaf góða von um hvað koma skyldi.



Restitution II Agenda var titillinn á námskeiðinu sem við sóttum. Það var í umsjón fyrrnefndrar Ruth Hargrave og fyrirtækis hennar, Summit Education. Á námskeiðinu var farið dýpra í hugmyndafræði Uppbyggingar auk þess sem við fengum góð og hagnýt ráð sem nýtast beint inn í skólastarfið. Ruth Hargrave hefur sérhæft sig í kennsluráðgjöf og hún er m.a. ráðgjafi í Restitution, fer inn í kennslustundir og veitir kennurum góð ráð til að styrkja sig í þessari einstöku aðferð. Hún náði einstaklega vel að lesa þarfir hópsins og þannig að gefa okkur gott tækifæri til að efla okkur í aðferðinni. Þó að skólinn okkar hafi verið uppbyggingarskóli í einhver ár á undan var kominn tími á endurmenntun til að ná meiri og betri árangri. Námskeiðið var þriggja daga langt. Síðasti dagur námskeiðsins var notaður í skólaheimsóknir þar sem við fengum að fara í skóla sem nota markvisst uppbyggingarstefnuna undir leiðsögn Ruth Hargrave. Hópnum okkar var skipt upp og fengu allir að heimsækja tvo skóla af fjórum. Þessar heimsóknir voru mjög lærdómsríkar og mikilvægt að komast á vettvang þar sem stefnan er notuð á markvissan hátt. Skólarnir sem við heimsóttum hétu Strathmillan School, Stevenson-Britannia School, Athlone School og Phoenix School.

Þegar farið er í ferðir sem þessar er mikilvægt að átta sig á gildi félagslega þáttarins. Hann er mikill og vildum við þar sem við vorum komin á þessar slóðir, sjá og upplifa saman þá sögu sem þetta svæði hefur að geyma. Þórður Bjarni Vigfússon, ræðismaður Íslands í Winnipeg bauð okkur í mótttöku föstudaginn 9. júní ásamt starfsfólki frá Brúarskóla sem einnig voru stödd í námsferð. Þangað hafði hann einnig boðað Vestur-Íslendinga á svæðinu og úr varð heljarmikil skemmtun þar sem var sungið mikið og spjallað. Einhverjir úr okkar hópi hittu þarna ættingja sína í Vesturheimi.

Sunnudaginn 11. júní fórum við til Gimli, sem eins og flestir vita er mikilvægur staður í sögu okkar Íslendinga. Með í för var Gunnvör Daníelsdóttir, Íslendingur sem hefur verið búsett í fjölda ára í Gimli. Ferðin hófst þó á því að heimsækja safn sem er staðsett í gömlu virki. Það safn sýndi sögu innflytjenda í Kanada og hvernig þeir náðu að byggja landið upp.









Síðan heimsóttum við Willow eyju, sem er rétt sunnan við Gimli. Þar komu Íslendingar fyrst 21. október 1875. Þar sáum við minnisvarða um fyrstu Íslendingana sem þarna stigu á land.

Eftir það var farið til Gimli. Meðlimir í Íslendingafélaginu í Gimli tóku á móti okkur með frábærum veitingum í Nýja Íslandi (The New Iceland Heritage Museum), sem er elsta safnið í öllum bænum. Það er tileinkað hinum íslensku innflytjendum og sögu þeirra í hinum nýja heimi. Mikið var spjallað, enda menn að spá í ættfræðina þarna líka. Gimli er lítill bær, þarna gáfum við okkur örlítinn frjálsan tíma. Einhverjir fóru í Tergesen búðina sem er elsta búð Íslendinga.



Eftir að hafa kvatt Gimli lögðum við af stað til Riverton sem er þorp í Manitoba-fylki í Kanada. Það er fyrsta þorpið sem Íslendingar stofnuðu í Kanada, 1876. Eyjan Hecla í Winnipeg-vatni var einnig heimsótt, þar sem fótspor vesturfaranna eru á hverri þúfu.

Á heimleiðinni heimsóttum við Einar og Rosalind Vigfússon og skoðuðum fuglasafnið hans. Einar er frægur fyrir að skera út fugla úr við. Þessi dagur var stútfullur af sögu lands okkar og þjóðar og merkilegt að koma á þessa staði og finna áþreifanlega hversu mikilvægur þáttur okkar litlu þjóðar hefur verið í uppbyggingu þessa svæðis.

Þessi ferð var frábær í alla staði, lærdómsrík og mjög minnistæð. Við vorum sammála um það að fara saman sem hópur, læra og upplifa hafi mjög mikið að segja. Þessi ferð var einstaklega vel heppnuð í alla staði og virkilega vel tekið á móti okkur hvert sem komið var.










PÚLSINN

# Kaffistofukeppnin

















# Skólakór Grundaskóla

Skólakór Grundaskóla hefur verið í miklum blóma í vetur. Um 60 krakkar starfa í kórnum og æfa þau í tveimur hópum, yngri og eldri hóp.

Hóparnir komu fram við ýmis tækifæri, má þá nefna söng á Akratorgi þegar jólaljósin voru tendruð, fjölskyldusöngstund á Bókasafninu, á Árshátíð og margt fleira. Eldri hópurinn fékk það skemmtilega verkefni að leika tröllabörn og syngja jólalög á viðburðinum „Leitin að jólasveininum“ í Garðalundi og einnig tóku þau þátt í verkefni með Karlakórnum Svönum. Kórarnir sungu saman lagið Jólasálmur sem kórstjórinn þeirra, Valgerður Jónsdóttir, samdi við ljóð Brynju Einarsdóttur. Myndband var gert við lagið og fékk það mikið áhorf á aðventunni.

Rúsínan í pylsuendanum voru svo vortónleikarnir sem Skólakórinn hélt 22. maí s.l. á sal skólans. Þar komu fram allir kórfélagar og sungu fjölbreytta dagskrá við undirleik Flosa Einarssonar. Gestasöngkona á tónleikunum var Rakel Pálsdóttir sem söng með kórnum lagið *Óskin mín* úr Söngvakeppni Sjónvarpsins og fleiri góð lög.



## Pangea stærðfræðikeppnin

Pangea er stærðfræðikeppni sem fer fram í 17 löndum Evrópu og var árið 2016 í fyrsta skipti haldin á Íslandi.

Keppnin er krefjandi og skemmtileg fyrir nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla. Fjöldi nemenda kemur saman og tekur þátt í að takast á við fjölbreyttar stærðfræðiþrautir sem fá eflaust marga til að sjá stærðfræði í nýju ljósi. Hún kyndir undir áhuga á stærðfræði og þjálfar nemendur í að leysa flókin vandamál.

Keppnin fer fram í 3 umferðum og í fyrstu umferðinni taka allir nemendur þátt og þeir sem komast áfram taka þátt í 2. umferð. Í 3. umferðinni ræðst það hverjir komast áfram í úrslitakeppnina sem fer fram í Reykjavík.

Við höfum alltaf átt nemendur í úrslitakeppninni og að þessu sinni var það Björn Viktor Viktorsson en hann komst einnig í úrslit í fyrra. Við óskum honum til hamingju með árangurinn.



# „Breytum krónum í gull“

